



Námskrá

Akstursíþróttasamband Íslands

GREIN 1 ALMENNT

- 1.1 Þessi námskrá inniheldur þær menntunarkröfur sem gerðar eru til einstaklinga sem starfa við akstursíþróttir á Íslandi.
- 1.2 Námskráin nær ekki yfir möguleg sértæk hæfisskilyrði sem einstaka greinar kunna að setja á starfsfólk í greinareglum.
- 1.3 Til að auka þekkingu og færni er einstaklingum heimilt, og þeir hvattir til, að sitja námskeið í hvert sinn sem það er haldið, þó þeir hafi þá þegar gild réttindi til tiltekins embættis.
- 1.4 Stjórn AKÍS ber ábyrgð á efni og framkvæmd námskeiða en er heimilt að fela einstaklingum eða hópum gerð námsefnis og kennslu.

GREIN 2 KRÖFUR

- 2.1 Einstaklingur sem hyggst sinna einhverju eftirtalinna embætta við akstursíþróttaviðburð á Íslandi skal að hafa setið námskeið á vegum Akstursíþróttasambands Íslands, eða sambærilegt námskeið á vegum FIA fyrir tiltekið embætti:
 - 2.1.a Formaður dómnefndar í keppni til Íslandsmeistaratitils;
 - 2.1.b Keppnisstjóri í keppni til Íslandsmeistaratitils;
 - 2.1.c Öryggisfulltrúi á akstursíþróttaviðburði.

GREIN 3 RÉTTINDI

- 3.1 Seta á viðeigandi námskeiði veitir réttindi til að sinna viðkomandi embætti í allt að 5 ár frá lokum námskeiðs.
 - 3.1.a Gildistími réttinda kann að verða stytur ef verulegar eða mikilvægar breytingar verða á reglum að mati stjórnar AKÍS.
 - 3.1.b Sinni einstaklingur ekki viðkomandi embætti í að minnsta kosti einni keppni á tveimur samfelldum keppnistímabilum fellur þessi réttur niður og þarf hann þá að sitja námskeið að nýju til að öðlast fyrri réttindi.
 - 3.1.c Gerð er krafa um að formenn dómnefnda í keppnum til Íslandsmeistara sitji ár hvert námskeið um störf dómnefnda.

GREIN 4 NÁMSKEIÐ

- 4.1 Námskeið sem þessi námskrá gerir kröfu um setu á skulu vera haldin hið minnsta árlega á Íslandi.
- 4.2 AKÍS er heimilt að halda námskeið samkvæmt námskrá hvort heldur sem er í fjarfundi eða ekki.